

Erindi Ævars Sigdórssonar frá ferðapjónustunni í Hornbjargsvita

Gott kvöld góðir gestir.

Hornbjargsviti stendur í Látravík á Ströndum, sem er talinn einn afskekktasti staður á Íslandi þar sem mannabústað er að finna.

Víst er að fáir staðir á landinu eru eins langt frá þjóðvegakerfinu, en það er jú það sem við setjum sem viðmið er við ræðum um hvað sé afskekkt, en í dag, með nýrri tækni hafa öll viðmið breytst og þannig hefur Látravík komist í gott samband við vegakerfið, þar á ég auðvitað við sjóleiðina og bátinn Sædísí sem Reimar Vilmundarson gerir út og siglir oft í viku til okkar frá Norðurfirði, með viðkomu í Reykjafirði og Bolungavík á Ströndum.

En fyrr á öldum þótti þessi vík ekki álitlegur kostur til ábúðar, og var hún ekki byggð fyrr en 1872, þegar Jóhann Halldórsson bóndi og refakytta settist þar að.

Jóhann er talinn síðasti landnámsmaðurinn, þar sem Látravík er síðasta jörðin sem mæld var úr óskiftum almenningi hér á Íslandi.

Í Látravík var svo búið allt fram til 1909, en þá fór jörðin í eyði.

Það var svo árið 1930 að Vitamálastofnun kaupir jörðina og reisir þar Hornbjargsvita.

Saga vitans frá 1930 – 1995 verður ekki rakin hér, ég hef aðeins kynnt mér þessa sögu og veit að ekki hefur verið auðvelt að lifa og starfa í Látravík sem vitavörður, sú saga bíður betri tíma.

Það var sumarið 1998 sem við hjónin komum fyrst í Hornbjargsvita. Fram að þeim tíma hafði ég fremur óljósar hugmyndir um staðinn, hafði heyrt talað um erfiðleika vitavarða um ráðskonuhald og síðar um kommúnista sem þarna væri best geymdur, fjarri siðmenningunni. Skemmst er frá því að segja að ég varð fyrir því líkum hughrifum eftir þessa dvöl á þessum stað, að það var ekki spurning um hvort, heldur hvenær ég kæmist aftur.

Seinna komst ég að því að eins var um konu mína farið.

Það varð þó ekki fyrr en árið 2004, að aftur var farið í vitann, þetta var eins og fyrri ferðin, svokölluð vinnuferð þar sem tekið var til hendinni með þrif og annað smálegt.

Það var þó ekki fyrr en við sigldum burt frá vitanum og ég horfði heim að húsinu, að hugmyndin kviknaði.

“Hvernig væri að fá húsið á leigu?”

Ég sagði engum frá þessum hugrenningum mínum, en fór á fund forstjóra Siglingastofnunar strax er við komum í bæinn og bar upp erindið.

Skemmst er frá því að segja, að þeim leist vel á mínar hugmyndir varðandi framtíð staðarins og samningur gerður um eignirnar.

Upphaflega var ferðapjónusta ekki það sem við hjónin höfðum í huga, miklu frekar athvarf sem hægt yrði að dvelja í, einskonar sumarbústaður sem yrði opinn fyrir vinum og ættingjum. Þetta breyttist þó fljótt, því um leið og þetta spurðist út, fóru að berast pantanir, þannig að þá varð ekki aftur snúið.

Við öfluðum okkur því tilskylinna leyfa, mættum næsta vor með bílfarma af húsbúnaði og öllu því sem þarf til að opna gististað fyrir 35-40 manns og hófum rekstur.

Eftir tveggja sumra reynslu, getum við fullyrt að rekstur á gistiheimili í tengslum við vita er ákaflega jákvæður.

Vitar eru jákvæð mannvirki, vitar eru ljósberar, þeir lýsa veginn, eru óbreytanlegir í huga fólks, eitthvað ankeri þeirra, sem nútíminn er að æra með sífeldu áreyti og stressi, allt er hverfult, ekkert er víst, allt er” group”!

Þannig hafa þeir ennþá hlutverk, bæði raunverulegt og ekki síður huglægt.

Maður sér hvernig það slaknar á fólki þegar það kemur inn í vitavarðarhúsið í Látravík. Oftar en ekki sefur fólk yfir sig fyrstu nóttina, komið hefur fyrir að konan hefur sent mig upp til að athuga hvort einhver andi ennþá!

Af öllum þeim fjölda sem nú hefur gist hjá okkur, man ég engan sem verið hefur andvaka, engan sem hefur séð neitt óhreint eða orðið var við neitt óvenjulegt.

Þessu gamla húsi virðist fylgja ró og friður, sem ég tengi svo vitanum og þeim jákvæðu hugsunum sem honum fylgja.

Við getum því ekki selt drauga eða galdraferðir, enda aðrir í þeim geira.

Ég hef stundum farið með hópa upp í vitann, sagt sögu hússins og vitans sem best ég kann hverju sinni, stór hluti fólks heldur að vitinn sé ekki starfræktur lengur, og að vitar séu óþarfir í dag. Því verða margir ansi langleitir er ég útskýri hve vitinn er nauðsynlegur, þrátt fyrir nútíma tækni í skipum og bátum.

Það er dulítið skrítið, og þó ekki, að ákaflega erfitt hefur verið að fá allar upplýsingar um sögu Hornbjargsvita, bygginguna, hernámsárin og reksturinn, flestir þeir er þá sögu skópu eru látnir og skriflegar heimildir fáar, þó er ljóst að bygging hússins hefur verið gríðarleg framkvæmd árið 1930, í dag yrði allt efni flutt að með þyrllu, þannig að auðvelt er að gera sér í hugalund þann kostnað sem hlytist af slíkri framkvæmd.

Umhverfi vitans er ákaflega fjölbreytt, útsýnið út um eldhúsgluggann er það stórkostlegasta sem sést úr nokkrum eldhúsglugga.

Ef maður röltir upp með læknum eru hvammar og lautir þar sem maður getur gleymt sér við fuglasöng og lækjarnið, gangir þú hinsvegar niður að sjó, blasir Hornbjargið við í öllu sínu veldi, ógnandi við fyrstu kynni, en eftir smá tíma í návist Bjargsins fer maður að skilja það, þú lærir að umgangast það af virðingu, í því, og við það, má engin mistök gera.

Við hjónin höfum átt ákaflega gott samstarf við Siglingastofnun frá upphafi, og eftir að þetta framtak okkar varð að veruleika, var skipuð nefnd á vegum ráðherra sem var falið að fjalla um hús og jarðir í eigu stofnunarinnar og koma með tillögur varðandi eigninnar. Nefndin var sammála um að það sem við værum að gera, væri góð lausn varðandi nýtingu vitamannvirkja, svo e.t.v. eru sóknarfæri víðar á annesjum fyrir þá sem komast vilja út úr skarkalanum, og “finna sjálfan sig”

Reksturinn hjá okkur hefur gengið vel, við stefnum ekki á heimsyfirræð né einkapotu, við stefnum á að opna góð tjaldsvæði með vatnssalernum næsta sumar, við stefnum á að snyrta enn betur á svæðinu og við stefnum á að allir sem koma til okkar fari þaðan ánægðir og afslappaðir, fullir af því umhverfi sem vitinn er í, hamingjusamir yfir því að vita að til eru staðir þar sem náttúran fær að njóta sín án ótta við eyðileggingu þeirra sem bara sjá peninga og hámarksgróða út úr öllu, þar liggur okkar metnaður.

Takk fyrir.